

**33. fundur Skóla- og frístundaráð, haldinn í fundarherbergi 3. hæð,
Stillholti 16-18,
9. mars 2016 og hófst hann kl. 16:30**

Fundinn sátu:

Sigríður Indriðadóttir formaður, Rakel Óskarsdóttir varaformaður, Kristinn Hallur Sveinsson aðalmaður, Sigrún Inga Guðnadóttir áheyrnarfulltrúi, Alexander Eck áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Arnbjörg Stefánsdóttir áheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Elís Þór Sigurðsson áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Ingibjörg Haraldsdóttir áheyrnarfulltrúi starfsfólks grunnskóla, Erla Ösp Lárusdóttir áheyrnarfulltrúi foreldra grunnskólabarna, Sigurður Arnar Sigurðsson varaáheyrnarfulltrúi skólastjóra grunnskóla, Gunnar Gíslason sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs og Svala Kristín Hreinsdóttir deildarstjóri skólaþróunar og sérfræðiþjónustu.

Fundargerð ritaði: Svala Hreinsdóttir, deildarstjóri skóla- og frístundasviðs.

Fyrir tekið:

1. 1602157 - Samræmd könnunarpróf 2016-2017

Mennta- og menningarmálaráðuneyti hefur, að fenginni tillögu frá Menntamálastofnun, ákveðið að breyta fyrirkomulagi lögbundinna samræmdra könnunarprófa í grunnskólum.

Breytingin er tvenns konar.

Í fyrsta lagi hefur verið ákveðið að öll samræmd könnunarpróf verði lögð fyrir með rafrænum hætti frá og með haustinu 2016. Með því að gera prófin rafræn gefst kostur á fjölbreyttari leiðum við að prófa markmið skólastarfs, stytta vinnslutíma miðlægra prófa, bjóða upp á sveigjanleika í fyrirlögn, auðvelda stuðningsúrræði fyrir nemendur með sérþarfir og gefa kost á að laga próffyrirlögn að hæfni nemenda.

Í öðru lagi hefur verið ákveðið að samræmd könnunarpróf sem undanfarin ár hafa verið haldin að hausti í 10. bekk færast til vors í 9. bekk. Því verður ekkert próf haldið í 10. bekk haustið 2016 en þeir sem verða í 10. bekk á næsta skólaári munu þreyta próf voríð 2017 á sama tíma 9. bekkingar. Með því að færa 10. bekkjar könnunarprófið í 9. bekk gefst nemendum, forráðamönnum þeirra og kennurum meira svigrúm til þess að nýta sér niðurstöðurnar til að bregðast við og móta áherslur í námi í 10. bekk.

Samræmd könnunarpróf skólaárið 2016 til 2017 verða haldin eftirfarandi daga:

Samræmd könnunarpróf í 4. bekk árið 2016.

29. sept. - íslenska

30. sept. - stærðfræði

Samræmd könnunarpróf í 7. bekk árið 2016.

22. sept. - íslenska

23. sept. - stærðfræði

Samræmd könnunarpróf í 9. og 10. bekk árið 2017.

7. mars - íslenska

8. mars - enska

9. mars - stærðfræði

Ólína Ingibjörg Gunnarsdóttir áheyrnarfulltrúi mætti á fundinn kl. 16:30.

Skóla- og frístundaráð lýsir áhyggjum sínum yfir því hvernig skólar eigi að framkvæma fyrirlagnir á samræmdum könnunarprófum með rafrænum hætti

LOUG

SIG

12

RO
SI
KNS

vegna skorts á viðeigandi tækjabúnaði. Skóla- og frístundaráð telur að Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefði átt að hafa samráð við sveitarfélög um þessa ákvörðun áður en hún var tekin.

Ráðið felur Svölu Hreinsdóttur deildarstjóra að afla frekari upplýsinga frá Menntamálastofnun um framkvæmd prófa.

2. 1602225 - Breyting á grunnskólalögum - frumvarp

Drög að frumvarpi til laga um breytingu á grunnskólalögum hafa verið lögð fram hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Unnt var að senda ráðuneytinu athugasemdir til og með 29. febrúar síðast liðnum.

Með frumvarpsdrögum eru lagðar til breytingar með nýjum og skýrum lagaákvæðum um starfsemi sjálfstætt rekinnna grunnskóla. Frumvarpsdrögin geyma einnig tillögur um breytingar á reglum grunnskólalaga um samvinnu sveitarfélaga um grunnskólalaga, sbr. 4. gr. frumvarpsins, og um breytingar á reglum grunnskólalaga um stjórnsýslukærur, sbr. 6. gr.

Frumvarpsdrögin eru samhljóða tillögum nefndar sem falið var að endurskoða lög um sjálfstætt starfandi grunnskóla.

Lagt fram til kynningar.

3. 1512130 - Skóladagatal 2016-2017

Drög að skóladagatali 2016-2017 hafa farið til umsagnar hjá hagsmunaaðilum skóla.

Drög lögð fram til kynningar.

Elís Þór Sigðursson, Ingibjörg Haraldsdóttir, Sigurður Arnar Sigurðsson, Svala Hreinsdóttir yfirlit fundinn kl. 17:20

4. 1602104 - Starf skólastjóra í Grundaskóla

Fyrir fundinn var lagður nafnalisti umsækjenda um skólastjórastöðuna.

Umsækjendur eru:

Aðalbjörg Ingadóttir, aðstoðarskólastjóri í Norðlingaskóla

Anna Gréta Ólafsdóttir, skólastjóri Flóaskóla

Bergþóra Þórhallsdóttir, aðstoðarskólastjóri Brekkuskóla

Lind Völundardóttir, verkefnisstjóri

Sigurður Arnar Sigurðsson, aðstoðarskólastjóri í Grundaskóla

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 17:45.

Sigríður Indriðadóttir

Reinn Ólafsson

Olíva Ingibjörg Gunnarsd.

Sigrún Inga Árnadóttir

Kristinn H. Sveinsson

Einnur Gólf

Svala Hreinsdóttir